

HAFNARFJÖRÐUR

Stærð:	Hafnarfjörður
Innök:	29/12 2015
Verð:	1497-041
	022

Forsetanefnd bæjarstjórnar Hafnarfjarðar - Erindisbréf

1. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa forseta bæjarstjórnar og two varaforseta til 1 árs í senn og skulu þeir jafnframt skipa forsetanefnd.

2. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir starfi nefndarinnar. Nú á framboðslisti sem fær kjörinn fulltrúa í bæjarrstjórn ekki fulltrúa í forsætisnefnd skv. 1. grein og skal hann þá tilnefna bæjarfulltrúa úr sínum röðum sem áheyrnarfulltrúa í forsætisnefnd með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Forseti boðar til funda forsætisnefndar og undirbýr dagskrá í samráði við starfsmann nefndarinnar. Forsetanefnd skal að jafnaði halda fund á föstum tíma eigi sjaldnar en mánaðarlega. Auka fund skal halda ef forseti eða tveir nefndarmenn óska þess.


4. gr.

Fulltrúum er skylt að sækja alla fundi nefndarinnar, nema lögmæt forfölli hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.
Ákvæði III. og V. kafla samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarskóp bæjarstjórnar gilda um meðferð mála eftir því sem við á.
Heimilt er að taka mál til meðferðar í forsetanefnd þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmanna óskar þess.
Fundir nefndarinnar skulu jafnan haldnir fyrir luktum dyrum. Nefndin getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefndin boðið aðilum að koma á sinn fund til viðræðna um einstök mál.

5. gr.

Verkefni forsætisnefndar eru sem hér segir:

Skipuleggur starf bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.
Fjallar um og gerir tillögur að breytingum á samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarskóp bæjarstjórnar til bæjarstjórnar.
Fjallar um álitamál varðandi málsmæðferð í nefndarkerfi og bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og önnur álitaefni sem til hennar er vísað.
Fjallar um og gerir tillögur að reglum um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa.



HAFNARFJÖRDUR

Fjallar um önnur mál sem til hennar er vísað, forseti leggur fyrir hana eða aðrir nefndarmenn/áheyrnarfulltrúi óska að ræða.

6. gr.

Forsetanefnd hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi Hafnarfjarðarkaupstaðar og hefur ekki boðvald yfir starfsfólk bæjarins. Nefndin kemur ákvörðunum sínum og stefnumótun í framkvæmd með formlegum samþykktum á lögmaðum fundum.

7. gr

Fundargerðir forsetanefndar skulu tekna á dagskrá bæjarstjórnar svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfast staðfestingar bæjarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir enda sé í fundargerð skilmerkilega gerð grein fyrir þeirri fyrirætlan með tillögu til bæjarstjórnar þar að lútandi.

8. gr.

Mál er afgreitt með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá eða vísa því til afgreiðslu bæjarstjórnar eða bæjarstjóra. Forsetanefnd getur vísað málum til umsagnar ráða, fagnefnda eða bæjarstjóra. Nefndarmenn eiga rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er.

9. gr.


Ritari bæjarstjórnar starfar með forsetanefnd, ritar fundargerðir og ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd. Hann situr fundi nefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

10. gr.

Fundargerðir skulu færðar í fundarritunarkerfi bæjarins. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitja fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginnefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Í lok fundar skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita fundargerðina nema annað sé ákveði sérstaklega.

Færa skal í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðatal fundargerðar. Viðstaddir nefndarmenn með fyrirvara um það atriði.

Nefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.




HAFNARFJÖRDUR

11. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarskóp bæjarstjórnar. Erindisbréf þetta hefur verið staðfest af bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 12. nóvember 2014 og gildir frá þeim tíma þar til annað kann að verða ákveðið.

Hafnarfirði, 8. desember 2014



Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri

